

Húnaþing vestra
Hvammstangabraut 5
530 Hvammstangi



Reykjavík, 15. september 2014
Tilvísun: UST20130800100/edk

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 21. ágúst 2014 þar sem ítrekuð voru áform um áminningu vegna fráviks á urðunarstað Húnaþings vestra á Syðri Kárastöðum. Frávikið snýr að því að kröfur er varða botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma hafa ekki verið uppfylltar. Þann 3. september sl. barst svarbréf þar sem sveitarfélagið óskar eftir fresti til 4. nóvember til að senda inn sjónarmið sín varðandi áformaða áminningu. Þá er ósk eftir fundi með Umhverfisstofnun í framhaldinu, sem fram kom í bréfi sveitarfélagsins 15. maí sl. einnig ítrekuð.

Umhverfisstofnun hafnar beiðni um að frestur sveitarfélagsins til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 verði framlengdur um tvo mánuði. Umhverfisstofnun telur málavexti skýra og ekki fyrirséð hverju framlenging andmælafrests ætti að skila fyrir framgang málsins. Frávikið sem um ræðir var skráð við reglubundið eftirlit 22. júní 2011 og hefur verið í eftirfylgniferli hjá stofnuninni síðan þá. Eftir þetta tímabil með tilheyrandi bréfaskriftum og fundum, sem fram fóru 21. september 2012 og 27. nóvember 2013, liggur fyrir að Húnaþing vestra stefnir ekki á að uppfylla kröfur er varða botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma á urðunarstað sínum og áformar að loka honum, sjá bréf rekstraraðila dags. 20. maí sl. Í sama bréfi óskaði rekstraraðili eftir svigrúmi til að halda áfram urðun við núverandi aðstæður út gildistíma starfsleyfisins, eða til ársins 2017. Í bréfi frá Umhverfisstofnun dags. 21. ágúst sl. kemur fram að stofnunin getur ekki heimilað urðun til ársins 2017 við óbreyttar aðstæður. Í sama bréfi hvatti Umhverfisstofnun Húnaþing vestra til að senda stofnuninni lokunaráætlun sem fyrst.

Umhverfisstofnun veitir Húnaþingi vestra áminningu fyrir frávik frá kröfum sem settar eru fram í 3. lið viðauka I í reglugerð nr. 738/2003, en þar er gerð krafa um verndun jarðvegs, grunn- og yfirborðsvatns með jarðfræðilegum tálma og botnþéttingu á urðunarstöðum. Áminningin er veitt í samræmi við 2. mgr. 48. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Umhverfisstofnun veitir Húnaþingi vestra frest til að stöðva urðun á svæðinu og senda Umhverfisstofnun staðfestingu þess eðlis til og með 6. október 2014.

Sinni Húnaþing vestra ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 2. mgr. 29. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga


nr. 130/2011. Skal kæran borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.


Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 1281/2013, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Evu Dögg Kristjánsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á eva.kristjansdottir@ust.is.

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra